

Punglyndislyf

Þegar þunglyndislyf er valið ber að taka tillit til virkni, aukaverkana og kostnaðar eins og við á um öll önnur lyf. Árangur af SSRI-lyfjum er svipaður og hjá TCA-lyfjunum, en SSRI-lyfin hafa færri aukaverkanir og eru dýrari.


Á síðustu árum hafa SSRI-lyfin lækkað í verði. Þjóðfélagslega er hagkvæmast að velja ódýrasta lyfið þegar ekki er mikill læknisfræðilegur munur á milli lyfjanna. Af SSRI-lyfjum hafa paroxetín og fluóxetín fleiri milliverkanir vegna sérhæfðar hömlunar á ensímið 2D6 sem getur haft þýðingu fyrir suma sjúklinga.

(http://www.irf.dk/dk/aendrede_retningslinjer/behandling_med_antidepressiva.htm)

Á síðasta ári fengu 33.198 einstaklingar þunglyndislyf, sem er 10,7% af heildarfjölda Íslendinga og þar af voru 66% konur. Á sama tíma ávísuðu t.d. Norðmenn þunglyndislyfjum til 6% af heildarfjölda þjóðarinnar og þar af voru 63% konur.

Kostnaður TR 2006 vegna algengustu þunglyndislyfjanna má sjá í [töflu 1.](#) hér að neðan.


Samkvæmt lyfjaverðskrá í júlí 2007, er verð SSRI-lyfja lægst á fluóxetín (Seról /Fontex), paroxetín (Seroxat, Paroxat, Paxetín) og citalópram (Oropram og Cipramil).



Mynd 1. sýnir fjölda einstaklinga á algengustu þunglyndislyfjunum árið 2006.

Hæsta verðið er á duloxetín (Cymbalta), venlafaxín (Efexor depot), mirtazapín smelt (Remeron Smelt) og escítalópram (Cipralex). 37% af þeim sem fá ávísað þunglyndislyf, nota Efexor depot og Cipralex.

TAFLA 1. Kostnaður TR 2006							
venlafaxín	escítalópram	sertralín	mirtazapín	cítalópram	fluóxetín	paroxetín	duloxetín
169 millj.	137 millj.	123millj.	78 millj.	65 millj.	60 millj.	52 millj.	36 millj.



Mynd 2. sýnir kostnaðarpáttöku ríkisins í þriggja mánaða skammti af algengustu þunglyndislyfjum fyrir einn einstakling. Aftari súlan sýnir kostnað á hærri styrkleika lyfsins.

Hagkvæmast er að byrja meðhöndlun með ódýrustu SSRI-lyfjunum (flúoxetín, paroxetín og citalópram) ef engar frábendingar eru fyrir slíku. Þar að segja ef ekki eru til staðar sjúkdómar eða lyfjameðferð sem kallar á annað val fyrst.

Á árinu 2006 var venlafaxín kostnaðarmesta þunglyndislyfið fyrir TR, þrátt fyrir að einungis 10% einstaklinga sem eru meðhöndlaðir við þunglyndi noti það. Mun hagstæðara væri, ef hægt væri að meðhöndla hluta þeirra með ódýrari lyfjum. Þriggja mánaða skammtur af ódýrasta SSRI-lyfinu (flúoxetín) er 80% ódýrara en 75mg venlafaxín. Sem dæmi ef 30% einstaklinga sem eru núna á 75mg Efexor Depot skipta yfir í 20 mg flúoxetín, myndi lyfjakostnaður ríkisins lækka um 13,4 milljónir á ári.

Flestir einstaklingar fá meðhöndlun með escitalópram eða 27% af þeim sem fá ávísað þunglyndislyf. Hér væri einnig hægt að lækka kostnað þjóðfélagsins all nokkuð þar sem ódýrasta SSRI-lyfið er 70% ódýrara en escitalópram.

Lyfjalisti [Lothian](#) í Skotlandi mælir með flúoxetíni sem fyrsta val og citalópram sem annað val. Flúoxetín er eina SSRI lyfið sem mælt er með fyrir sjúklinga undir 18 ára.

[IRF í Danmörku](#) mælir með SSRI-lyfjunum citalópram, escitalópram og sertralín sem jafngilt fyrsta val og önnur þunglyndislyf sem annað val.

Samkvæmt [lyfjalista í Stokkhólmi](#) er mælt með SSRI-lyfjunum citalópram og sertralín sem fyrsta val. Sem annað val escitalópram, mirtazapín og venlafaxín.

Samkvæmt [NICE](#) er mælt með flúoxetíni og citalópram sem fyrsta val.

Þar sem svo stór hluti þjóðarinnar er á þunglyndislyfjum mætti spara mikla fjármuni án þess að minnka gæði meðferðar ef valið er ódýrasta þunglyndislyfið þegar ekkert mælir gegn því og tekið hefur verið t.t. virkni og aukaverkana.

Heimildir: Upplýsingar eru fengnar úr tölræðigagnagrunni TR og byggja á afgreiddum lyfseðlum sem apótek senda TR með rafrænum hætti.

<http://www.irf.dk/>

<http://legemiddelforbruk.no/>

<http://www.lgn.is/lyfjaverdskra.php>

<http://www.janusinfo.se/>

<http://www.ljf.scot.nhs.uk>

<http://guidance.nice.org.uk/CG23/niceguidance/pdf/English>